


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016	Áfangaheiti VINN3ÖH08 Námsáætlun Vorönn 2017	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 3		

VINN3ÖH08 – Vinnustaðanám á öldrunarstofnun

Kennari: María Albína Tryggvadóttir (MAL). Netfang: maria@vma.is

Áfangalýsing:

Þetta er verknámsáfangi sem fer fram á öldrunar- og/eða hjúkrunardeildum. Náms tíminn er 15 átta klukkustunda vaktir á önn. Hjúkrunarkennari, leiðbeinandi/tengill og deildarstjóri bera sameiginlega ábyrgð á verklegu námi sjúkraliðanema. Nemandi fylgir leiðbeinanda við öll almenn störf sjúkraliða. Í upphafi tímabils setur nemandi sér 5 persónuleg og fagleg markmið um verknámið. Á meðan á verknámi stendur skal nemandi fylla út gátlista um unna verkþætti og að verknámstímanum loknum skrifar hann ritgerð, þar sem hann fjallar á faglegan hátt um atburð sem hann var þáttakandi í á meðan á námsdvölinni stóð.


Áfangamarkmið

Að loknu námi í áfanganum á nemandi að:

- sýna færni í að aðstoða skjólstæðinga við ADL (athafnir daglegs lífs)
- þekkja og beita viðurkenndum reglum um smitgát og sýkingarvarnir
- sýna færni í að fyrirbyggja og meta fylgikvilla rúmlegu
- sýna færni í samskiptum við skjólstæðinga
- geta gert grein fyrir mikilvægi umhyggju í hjúkrunarstörfum
- sýna færni í eftirliti og mati á líkamlegu og andlegu ástandi sjúklings
- geta skráð lífsmörk, útskilnað og inntekt
- geta nýtt sér hjálpartæki og hjúkrunargögn á viðeigandi hátt
- geta gert grein fyrir slysaástandum í umhverfi skjólstæðings og beitt forvörnum
- geta útskýrt tilgang þverfaglegrar samvinnu á öldrunarstofnunum
- sýna færni í að skipuleggja hjúkrun skjólstæðinga sinna í samvinnu við leiðbeinanda
- skilja hlutverk sjúkraliða á viðkomandi deild
- geta gert grein fyrir mikilvægi trúnaðar og þagnarskyldu við skjólstæðing.

Fyrirkomulag vinnustaðanámsins:

- Verknámið fer fram á tímabilinu **2.janúar – 20.janúar**.
- Umsjónarkennari með verkáminu mun koma **eða** hafa samband símleiðis/með email við deildarnar og hitta/heyra í nemendum og leiðbeinendum á meðan verknámið stendur yfir. Ef eitthvað kemur upp á í verknáminu hafið þá samband við umsjónarkennar eða ef ykkur vantar upplýsingar.
- Ath. reiknað er með að nemandi gæti þurft að vera á vakt tvo laugardaga ef færa þarf vaktir til og það er heppilegt fyrir bæði deildina og nemandann. Gæta verður samt þess að nemandinn fái a.m.k. einn frídag í viku og helst um helgi.
- Leyfilegt er nemanda að taka allt að fimm kvöldvaktir (æskilegt 2-3 kvöldv.) en næturvaktir eru ekki viðurkenndar sem námstími.
- Nemandi fær sinn leiðbeinanda á deildinni og fylgir honum í sjúkraliðastörfum hans.
- Röðun nemanda á leiðbeinanda er í höndum deildarstjóra. Leiðbeinandi og deildarstjóri bera ábyrgð á að útvega nemanda námstækifæri inn á deildinni og nemandi ber ábyrgð á að nýta sér þau.
- Óæskilegt er að breyta vöktum nema brýna nauðsyn beri til og þá aðeins í samráði við leiðbeinanda og deildarstjóra.
- Munið að mæta stundvíslega á vaktir og það er 100% mætingarskylda. Ef einhver forföll verða látið deildina **alltaf** vita og sendið kennara tölvupóst.
- Munið að taka með ykkur vinnuskó.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016	Áfangaheiti VINN3ÖH08 Námsáætlun Vorönn 2017	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 3		

Námsmat.

Mat á verklegu námi á deild (40%) : Í lok verknámsins er gefin einkunn (staðið eða fallið) fyrir námið á deildinni og er hún gefin sameiginlega af leiðbeinanda, deildarstjóra og umsjónarkennara á sérstöku eyðublaði (ferilbók).


Ferilbókina (matsblað) eiga nemendur að hafa á fyrstu vakt og afhenda leiðbeinanda sínum hana. Henni fylgir sjálfsmatsblað.

Sjálfsmat (2%) : Nemandi **metur sig einnig sjálfur** og fær tækifæri til að bera sitt eigið mat saman við mat deildarinnar á sameiginlegum fundi með tengli og umsjónarkennara (þegar að hann er á staðnum) í lok verknámsins. Munið að vera búin að gera sjálfsmatið þegar lokamatið fer fram. Leiðbeinendur gera miðannarmat um mitt tímabilið (6-8 vakt) en eru í samráði við kennara um það. Lokamat fer fram í lok verknámsins.

Markmiðssetning (3%) : Þar eiga **markmiðin** að fara inn og nemendur láta kvitta fyrir með upphafsstöfum viðkomandi og dagsetningu ef þið eruð að gera eitthvað af þeim verkþáttum sem eru í ferilbókinni. Bætið við verkþáttum þar sem við á. Ferilbókin á alltaf að vera til staðar á deildinni svo hægt sé að kvitta fyrir í hana. Nemendur ber á byrgð á að kvittað sé í bókina. Markmiðin á nemandi að vera búinn að setja sér **5. janúar** og þarf þá að sýna leiðbeinanda sínum þessi markmið. Markmiðin eiga að vera lýsandi og a.m.k. fimm markmið, bæði persónuleg og fagleg markmið. Horfið á markmið áfangans og íbúa heimilisins (deildarinnar) þegar þið eruð að setja ykkur markmiðin. Mikilvægt er að leiðbeinandi sjái þessi markmið ykkar og kvitti fyrir þau með nafni og dagsetningu, þannig að þeir séu betur meðvitaðir um það sem þið viljið leggja áherslu á. Lokamatið er gefið sem staðið eða fallið. Fáir nemandi staðið hefur hann náð 40% af áfanganum en fáir nemandi einn kross í reitinn „óviðunandi“ er nemandi fallinn í áfanganum.

Dagbók (25%): Nemandi heldur dagbók á verknámstímabilinu þar sem fært er inn hvað hann hefur gert á hverri vakt. Í upphafi verknámsins **skal nemandi setja sér markmið** með veru sinni á deildinni og hafa þau í huga þegar er verið að færa inn í dagbókina. Setjið þessi markmið inn í upphafi **dagbókarinnar** og **metið í lokin** hvort þessum markmiðum hafi verið náð, útskýrið hvernig hvert markmið fyrir sig náðist. Ef markmiðin hafa ekki náðst þarf það líka að koma fram og þá af hverju. Einnig er æskilegt að nemandi setja sér áætlun um hvað hann ætli að læra fyrir hverja vakt (markmið fyrir hverja vakt). Í dagbókinni þarf að koma fram smá kynning á deildinni sem þið eruð á eins og helstu hjúkrunarþætti, aðstöðu, starfsfólk og fl.. Dagbókinni á að skila til kennara viku eftir að verknámi er lokið. Skilið dagbókinni í hólf umsjónarkennara í VMA (notið línubil 1,5 og leturgerð 12, hafið forsiðu þar sem nafn ykkar kemur fram). Skriði á hverjum degi og munið að setja inn **ykkar eigin hugleiðingar**. Dagbókin á ekki að vera þurr upptalning um þau verk sem þið gerðuð heldur einnig ykkar eigin tilfinning fyrir verknáminu. Segið frá framförum í hjúkruninni og hvernig ykkur líður við þær aðstæður sem þið fáist við hverju sinni.

Verkefni (30%): Heimildaritgerð: Nemandi skili útprentuðu verkefni um eigin reynslu af samskiptum eða verknaði við íbúa og/eða starfsfólk á deildinni tengt ákveðnum atburði sem hann tók þátt í eða varð vitni af á verknámstímanum. Gæta verður þó fulls trúnaðar í umfjöllun sinni. Leitist við að útskýra á faglegan hátt viðbrögð sín og samferðafólksins við þeim kringumstæðum og rökstyðjið með heimildum. Verkefninu skal skilað í skúffu umsjónarkennara eigi síðar en **18. apríl 2017**. Nemandi þarf að ná lágmarkseinkun 4,5 í dagbókinni og verkefninu auk þess að ná verknámsþættinum til að ljúka áfanganum.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 3 af 3	Áfangaheiti VINN3ÖH08 Námsáætlun Vorönn 2017	

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþáttar	Vægi	
Verklegt nám	Nemandi vinnur 15 vaktir á sjúkradeild	40%	
Markmiðssetning	Nemandi setur sér markmið með verknáminu og setur inn í ferilbók fyrir tilsettan tíma	3%	
Sjálfsmat	Nemandi metur sjálfan sig í verknáminu á sérstakt matsblað sem fylgir ferilbók	2%	
Dagbók	Skrifuð er dagbók fyrir hvern dag í verknáminu, sett inn markmið og metin í lokin, auk kynningar á verknámsstaðnum.	25%	
Verkefni/ritgerð	Nemandi skilar ritgerð sem tengist verknáminu	30%	
	Samtals:	100%	
Annað: Verkefnum skal skilað á tilsettum tíma, verkefni lækkar um hálfan fyrir hvern virkan dag sem fer fram yfir skiladag. Ekki er tekið við verkefnum viku eftir skiladag.			

Dagsetning: 8.12.'16

Mania T.
Undirritun kennara

Samrósía Scher.
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils